

74. Aðalfundur Leikfélags Selfoss haldinn í leikhúsinu við Sigtún 10. maí 2023 kl. 20:00

Jónheiður Ísleifsdóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur sem fundarstjóra og Hrafnhildi Karlsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

1. Hrafnhildur Karlsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar, fundargerðin var samþykkt samhjóða.
2. Jónheiður flutti skýrslu stjórnar; Nýkjörin stjórn Leikfélags Selfoss tók til starfa á sínum fyrsta fundi þann 23. maí 2022. Jónheiður tók við sem formaður á aðalfundi 11. maí 2023 og skipti stjórn með sér verkum með eftirfarandi hætti: Sigríður Hafsteinsdóttir varaformaður, Sigrún Sighvatsdóttir gjaldkeri, Finnur Hafliðason ritari og Þirgitta Brynjarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu F. Elli Hafliðason, Þóra Þorsteinsdóttir og Rebekka Lind Jónsdóttir. Haldnir voru 20 stjórnarfundir á árinu. Í fyrra vor vorum við mjög bjartsýn um að framkvæmdir myndu hefjast við nýtt anddyri þá um sumarið. Því miður bárust eingin tilboð í verkið á sumarmánuðum og var utanhúss framkvæmdum því frestað um óákveðinn tíma. Ísleifur kynnti fyrir stjórn hugmyndir að endurbótum á raflögnum á sviðinu og hófst hann handa við þær eftir að leikhúsnámskeiðum lauk og lauk þeim í fyrra haust. Búið er bæta við tenglum og endurnýja alla kapla og merkingar á þeim. Einnig er búið að bæta við stokkum og rennum til að festa ljós, þrífa og lagfæra dimma og setja upp ný vinnuljós á sviði, baksviðs, á hliðarsviðum og í kjallara. Stjórn þakkar Ísleifi kærlega fyrir alla þessa vinnu og býður ykkur að skoða afraksturinn eftir fundinn. Þegar stjórn kom úr sumarfríi í byrjun september bárust þær fréttir að búið væri að semja við verktakafyrirtækið Laska um að taka að sér framkvæmdir við nýtt anddyri leikhússins en ekki var alveg á hreinu hvenær framkvæmdir myndu hefjast. Þetta setti öll plön um sýningar um haustið og eftir áramót í uppnám. Eftir fund með vertökum og fulltrúum hönnuða var ákveðið að hefja framkvæmdir á því að laga tröppur fyrir utan neyðarútgang norðaustan megin svo hægt væri að ganga um þær dyr utan frá. Þessari framkvæmd lauk í lok október og bjuggumst við þá við því að frekari framkvæmdir myndu fylgja í kjölfarið en það var bið á því. Aðalinngangi var lokað í desember og rífið innan úr anddyri. Eftir leka á þaki í miklum snjóþyngslum í kringum áramótin og framkvæmdum sem fylgdu því, var gamla anddyrið loks rífið 20. mars. Og nýjustu fréttir af framkvæmdum eru þær að fyrr í þessari viku voru tröppurnar loks rifnar og jarðvinna hófst framan við leikhúsið. Þessi óvissa hefur vissulega haft mikil áhrif á starf leikfélagsins en við höfum samt gert ýmislegt og mun ég nú stikla á stóru í starfsemi okkar á liðnu ári. Sumarið hófst á því að haldin voru sex leikhúsnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára og vegna frestunar framkvæmda var hægt að halda þau öll í litla leikhúsinu. Leiðbeinendur voru sex talsins í ár, þau Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Halldóra Öfjörð, Daníel Logi Róbertsson, Kristbjörg Sigtryggisdóttir og Þirgitta Brynjarsdóttir og við erum svo sannarlega heppin að það næsta að manna þessi námskeið með frábærum leiðbeinendum ár eftir ár. Í júní sóttu fimm leikfélagar Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra leikfélaga. Þrír fóru á Leikstjórn II og einn á

sérnámskeið í leiklist og einn sem höfundur í heimsókn. Í september var ákveðið að hætta við bæði haustsýningu og sýningu eftir áramót vegna óvissu með framkvæmdir. Haft var samband við þá leikstjóra sem búið var að ræða við og ákveðið að ákveða ekki neitt frekar fyrr en framkvæmdir væru vel á veg komnar. Við höfum verið í góðu sambandi við deildarstjóra og verkefnastjóra menningarmála Árborgar í ár og hvöttu þau okkur til að taka þátt í viðburðum í Árborg þó ekki væri hægt að setja upp hefðbundnar sýningar. Í september kom upp sú hugmynd að vera með leiklestur upp úr bókinni Jöklaleikhúsið eftir Steinunni Sigurðardóttur og var henni hrundið í framkvæmd. Elli og Jónheiður skrifuðu stutt handrit upp úr völdum köflum og kölluðu til kempur úr leikfélaginu til að hrinda þessu í framkvæmd. Haldnar voru nokkrar æfingar í október og loks sýnt 23. október og var almenn ánægja með hvernig tókst til. Einnig var haldið laugardagskaffi í sambandi við Menningarmánuðinn október og boðið í laugardagsleika nokkrar laugardaga í október og nóvember. Undirbúningsfundur vegna Hugarflugs var haldin í október en vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að blása það af í bili. Í nóvember voru skipulögð tvö námskeið fyrir unglinga. Sigríður Hafsteinsdóttir var ráðin sem leiðbeinandi og voru þau bæði haldin þó þátttaka hefði mátt vera meiri. Í lok nóv. fékk svo áramótaskaupið að skjóta nokkrar senur í leikhúsinu og fékk einnig lánaða nokkra leikara eins og athugulir fundargestir hafa væntanlega tekið eftir þegar þau horfðu á skaupið. Þegar hér var komið við sögu var lítið að fréttu að framkvæmdum þannig að ákveðið var að halda Jólakvöld á hefðbundnum tíma um miðjan des. Nokkrir félagar úr leikfélaginu æfðu leik við fjögur jólalög undir stjórn Jónheiðar og Ella fyrir kvöldið. Jólakvöldið var haldið 14. des. og skemmtu um 20 áhorfendur sér vel og gæddu sér svo á smákökum og heitu kakói eftir atriðin. Um miðjan mars var Raketlínur Stefánsdóttir fengin til að halda fullorðins námskeið í leiklist með áherslu á persónusköpun og hélt hún 10 tíma námskeið með 10 þátttakendum sem tókst mjög vel. Jónheiður fór einnig og las upp úr bókinni Greppikló fyrir börn og fullorðna á Greppiklóarmorgni á bókasafninu í lok mars. Þegar líða tók að Vori í Árborg fór stjórn að ræða hvað væri hægt að gera þó ekki væri hægt að halda hefðbundið opið hús í litla leikhúsinu á sumardaginn fyrsta eins og síðustu ár og eftir páska var ákveðið að smala í hóp sem gæti sýnt nokkur stuttverk á nýja "úti sviðinu" okkar, það er gólfinu á gamla anddyrinu. Það var gert og á sumardaginn fyrsta frumsýndum við tvö stuttverk í blíðskaparveðri fyrir utan leikhúsið og svo voru tvær sýningar á þessum verkum auka verksins "Vitastundar" í Knarraróssvita helgina eftir á Vori í Árborg. Þess má geta að fullt var á báðar sýningar í vitanum. 11 manns á hvorri sýningu :) Í ár eru skipulögð hvorki meira né minna en níu leikhúsnámskeið í júní, júlí og ágúst og er skráning hafin. Leiðbeinendur verða þau Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Daníel Logi Róbertsson og Kristbjörg Sigtryggsdóttir. Búið er að óska eftir húsnæði frá bænum, því ekki þykir æskilegt að halda svona fjölmenn námskeið í húsinu með aðeins eina útgönguleið, en ekki hafa enn borist svör um hvar við getum fengið að halda námskeið en við treystum því að frístunda fulltrúi hafi milligöngu um það að fá aðstöðu í einhverjum grunnskólanna. Líkt og svo oft áður hefur stjórn borist óskir um að fá afnot af húsinu undir allskonar viðburði. Í ár voru þessar fyrirspurnir þó nokkrar og því

miður var ekki hægt að verða við þeim öllum vegna framkvæmda, en við fengum samt nokkra gesti í fyrra vor. Leikskólinn Árbær kom í heimsókn 4. maí að skoða leikhúsið. Í lok maí fékk 4. bekkur í Stekkjaskóla afnot af húsinu til æfinga á verulega styttri útgáfu af Kardemommubænum. Aðrir nemendur skólans komu á general prufu og að lokum sýndu börnin foreldrum sínum afraksturinn. Guðný Lára Gunnarsdóttir leiddi hópinn ásamt fleiri kennurum skólans. Leikhópurinn Fullorðið fólk fékk leikhúsið lánað undir sýninguna Strákar og stelpur (Boys and girls) þann 31. Maí og var Ísleifur þeim innan handa með tæknimál. Þrátt fyrir skrítið ár, þar sem við náðum þó að gera ýmislegt, stefnum við bjartsýn inn í vorið og treystum því að í haust verði risið nýtt anddyri og að hefðbundin starfsemi félagsins geti haldið áfram. Ef allt gengur að óskum stefnum við á sýningu í haust og eftir áramót en það verður allt kynnt betur síðar. Takk fyrir okkur og ykkur. Leikum núna!

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

3. Sigrún Sighvatsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins, þeir voru með einfaldara móti þar sem engar sýningar voru á árinu 2022-2023 vegna viðgerða á leikhúsinu. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Inntaka nýrra félaga, einn félagi bættist í hópinn en það er Eva Margrét Franzdóttir, Grundarási 1 110 Reykjavík. Hún var boðin velkomin með lófaklappi.
5. Lagabreytingar: Sigríður Hafsteinsdóttir bar upp tillögu stjórnar að breytingum á lögum félagsins.
 - Breyting á eftirfarandi setningu í 4. gr. „Árgjald félagsins ákveður aðalfundur hverju sinni og er gjalddagi þess 1. apríl ár hvert“, verði, „Árgjald félagsins ákveður aðalfundur hverju inni og er gjalddagi þess 1. maí ár hvert“.
 - Breyting á eftirfarandi setningu í 5. gr. laganna er varða tímamörk á um hvenær aðalfundur skuli haldinn. „hann skal haldinn að vori eigi síðar en 15. maí“ verði, „hann skal haldinn að vori eigi síðar en 31. maí“.Báðar tillögurnar voru samþykktar án athugasemda.
6. Stjórnarkjör: Jónheiður Ísleifsdóttir formaður gaf kost á sér til áfamhaldandi starfa, ekki bárust feiri framboð til formanns og var því vel fagnað að Jónheiður haldi því mikilvæga starfi áfram. Stjórnarkjör hélt áfram, Sigrún Sighvatsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir sitja áfram til eins árs. Birgitta Brynjarsdóttir og Finnur Hafliðason sem setið hafa í stjórn í tvö ár eiga að ganga úr stjórn. Kjósa þurfti tvo nýja stjórnarmenn. Þrír félagar buðu sig fram í stjórn, þau Birgitta Brynjarsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir og Ingberg Magnússon. Þau þrjú kynntu sig og héldu örstutta framboðsræðu. Kosningu hlutu Guðfinna Gunnarsdóttir og Birgitta Brynjarsdóttir. Þá var komið að kosningu í varastjórn. Þrír gáfu kost á sér til starfa þar, þau Þóra Þorsteinsdóttir, Elli Hafliðason og Ingberg Magnússon. Þar sem fleiri framboð bárust ekki voru þau þrjú klöppuð inn í varastjórn.
7. Kosning félagslegra skoðunarmanna reikninga. Eygló Lilja Gräns og Íris Árný Magnúsdóttir gáfu kost á sér sem félaglegir skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt með miklum þökkum.
8. Árgjald. Lag er til að árgjald verði óbreytt og var það samþykkt.

9. Önnur mál.

1. Sigríður Hafsteinsdóttir tók til máls og kynnti sumarnámskeið fyrir börn, en þau verða níu í ár. Ekki er vitað hvar þau verða haldin vegna viðgerða á leikhúsinu en sveitarfélagið Árborg er í samstarfi með leikfélaginu um að finna húsnæði á vegum sveitarfélagsins þar sem hægt verður að halda námskeiðin. Skráning er þegar hafin.
2. Kristín Þóra Albertsdóttir tók næst til máls, hún telur að við stefnum að góðu leikári þar sem við þurfum ekki að vera með grímu í ár, Kristín Þóra er tilbúin til að ganga í verkin.
3. Jónheiður þakkaði kosninguna og treystir því að við getum haldið áfram þrátt kröftugu starfi og vonar að húsaviðgerðir klárast sem fyrst. Hún þakkaði fyrri stjórn góð störf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hún sagðist sjá eftir góðu stjórnarfélagi sem nú gengur úr stjórn en hlakkar til samstarfsins með frábæru nýjum stjórnarmönnum. Þá sagði Jónheiður frá leiklistarskóla BÍL og meðal annars kom fram í máli hennar að þau þau Elli muni stjórna skólanum í ár. Hún hvatti fólk til að taka þátt.
4. Guðfinna Gunnarsdóttir þakkaði það traust að vera kjörin í stjórn og hlakkar til að takast á við verkefnið. Hún er spennt fyrir starfinu og hlakkar mikið til að mæta á stjórnarfund.
5. F. Elli Hafliðason þakkaði fráfarað stjórnarmönnum fyrir góð störf og hlakkar til að vinna með nýju félagi í nýrri stjórn. Elli sagði frá framkvæmdum við leikhúsið og sagði einnig frá sögu hússins í máli og myndum. Þar kom m.a. fram að húsið var byggt sem barnaskóli og var fyrsti barnaskólinn á Selofssi, byggður 1932. Hann sýndi teikningar af útliti viðbyggingar sem sýna m.a. stærð og útlit viðbyggingar, hvernig hjólastólarampur mun liggja og brunaútgangur úr búningsherbergjum í kjallara. Ella var þakkað fyrir góða og upplýsandi kynningu.
6. Kjartan Björnsson, tók til máls. Hann er ánægður með að boðun fundarins var með góðum fyrirvara og á mörgum miðlum. Hann sagði frá bágri stöðu bæjarsjóðs og að væntanlega yrði öllum fyrirhuguðum framkvæmdum sveitarfélagsins sem á að vinna í ár frestað. Hann ætlar þó að reyna að þjakkast í að fá þessum framkvæmdum þokað áfram. Hann sem formaður menningarnefndar sveitarfélagsins sagði starfsemi félagsins vera til sóma og vonar að hægt verði að halda áfram kraftmiklu starfi. Kjartan óskaði nýrri stjórn til hamingju og þakkaði fyrri stjórn góð störf. Hann sagði frábært hve margir eru tilbúnir til að vinna í stjórn og öðrum verkefnum félagsins þar sem allir vinna mikla vinnu í sjálfböðavinnu. Hann talaði um menningarsalinn í hótelinu og sagði að ríkið ætlaði að koma að kostnaðinum, nýjasta áætlun sýnir kostnað upp á 825 milljónir að klára húsið plús vsk. Rætt var við menningarmálaráðherra og var hún glaðhakkaleg um að ríkið komi fljótt að þessu með sinn hlut. Þá er spurning um hvort nýjir eigendur komi inn með restina. Kannski fáum við að lokum menningarsal sagði Kjartan að lokum, ávallt bjartsýnn á hlutina.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs. Sigríður Karlsdóttir fundarstjóri sagði frá því og benti á að Ísleifur Árni Jakobsson félagi í LS hafi lagt fram mikla vinnu, í sjálfböðavinnu, í að laga rafmagn í húsinu, setja upp

brautir, merkja og koma góðu skipulagi á ljósamál. Hún lagði til að fundarmenn klöppuðu fyrir Ísleifi og hans frábæra framlagi hans til leikfélagsins. Fundarmenn stóðu á fætur þökkuðu með góðu klappi.

Sigríður fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu, óskaði fundarmönnum gleðilegs sumars og fundarmenn sungu „Geng ég bæjargöngin inn“, sem með árunum hefur orðið nokkurs konar „þjóðsöngur“ Leikfélags Selfoss.

Fundarmenn voru 27

Fundi slitið kl. 21:38

Innskot fundarritara; Eftir söng og fundarslit var spurt hvaðan söngurinn „Geng ég bæjargöngin inn og rek ég mig á vegginn “ væri kominn. Sigríður Karlsdóttir sagði sönginn vera eftir Halldór Kiljan Laxness.

Hrafnhildur Karlsdóttir